AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s.l. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

a. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, þ.m.t. íbúðarhús á bújörðum, en að undanskildum íbúðarhúsum og íbúðarlóðum sem talin eru í staflið b hér á eftir, hækki um 3,5% og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,035.

b. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í eftirtöldum sveitarfélögum hækki sem hér segir: Kjalarnes (þéttbýli), Sauðárkrókur, Akureyri, Egilsstaðir og Selfoss hækki um 12% og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,12.
Höfn, Eyrarbakki, Stokkseyri og Hveragerði hækki um 7% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 1,07.

c. Matsverð atvinnuhúsnæðis, atvinnulóða og bújarða, þ.m.t. útihús í sveitum og hlunnindi hækki um 1% og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,01.

d. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins um einstakar tegundir fasteigna.

e. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri er gildi tók 1. desember 1991 með síðari breytingum gerðum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríksisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignamatsskrár innihalda einnig þær matsbreytingar er Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hafa gert á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember n.k. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrám Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1992.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 539 15. nóvember 1991.

Fjármálaráðuneytið, 13. nóvember 1992.

Friðrik Sophusson.

Björn Hafsteinsson.